

# Skólarnir fara á hausinn ef ekkert verður að gert

Söngskólinn í Reykjavík er í sömu sporum og aðrir stórir tónlistarskólur og líður undir lok verði ekkert að gert. „Ef ekkert breytist fara þessir



Garðar Cortes

skólur hægt og sigandi á hausinn,“ segir Garðar Cortes, skólastjóri Söngskólans í Reykjavík. Eins og fram kom í Morgunblaðinu í gær blasir

lokun við Söngskóla Sigurðar Demetz í Reykjavík vegna þess að ríki og borg hafa deilt um skiptingu við greiðslu kostnaðar. Öllum kennurum skólans hefur verið sagt upp og taka uppsagnirnar gildi um áramót.

## Geta ekki beðið lengur

Garðar segir að hann hafi sagt starfsmönnum upp í vor sem leið, en eftir að fram hafi komið á Alþingi að það myndi ekki láta tónlistarskólana fara á hausinn heldur bjarga málum, hafi hann vonast til þess að geta dregið uppsagnirnar til baka. „Síðan hefur ekkert gerst og við getum ekki beðið öllu lengur,“ segir hann.

Söngskólinn í Reykjavík er í eigin húsnæði. Garðar segir að lán hafi verið tekið til þess



Morgunblaðið/Golli

## Listamenn Frá nemendasýningu Söngskólans í Reykjavík.

að geta staðið skil á launa-greiðslum mánuð eftir mánuð, en skólinn sé kominn upp að vegg í því efni. „Af því að við erum í eigin húsnæði höfum við getað lengt í hengingarólinni aðeins lengur en aðrir skólur, sem eru í leiguhúsnæði,“ segir hann.

„Þetta er mjög alvarleg og í raun mjög kjánaleg staða,“ segir Garðar um ágreining ríkisins og Reykjavíkurborgar um greiðslu kostnaðar við rekstur skólanna. „Það er eins og krakkar séu að leika sér í boltaleik. Kasta

boltanum ábyrgðarlaust á milli sín, alveg sama á hverjum hann lendir, öskra af og til en þekkja ekki lengur reglurnar og virðast ekki skynja að á meðan þeir eru að leika sér eru þeir að gera út af við merkar menningar- og menntastofnanir.“

Garðar Cortes stofnaði Söngskólann í Reykjavík 1973. Við skólann starfa tæplega 30 kennarar og hafa verið um 180 til 200 nemendur í unglingsdeild, almennri deild og háskóladeild að meðaltali á ári.

# Borgin beri ábyrgð á tónlistarkennslunni

## ● Ráðherra segir lög um verkaskiptinguna skýr

Jón Birgir Eiríksson  
jbe@mbl.is

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, segir Reykjavíkurborg rangtúlka hlutverk ríkisins annars vegar og sveitarfélagna hins vegar, í mál-efnum tónlistarskólanna.



Illugi Gunnarsson

Þetta kemur fram í bréfi ráðherrans til Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar frá 28. september sl., en Morgunblaðið hefur bréfið undir höndum.

## Skólarnir illa staddir

Tónlistarskólur í Reykjavík eru margir hverjir að þörmörkum komnir og fyrirséð að einhverjir þeirra þurfa að leggja upp laupana.

Forsaga málsins snýr að samkomulagi ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna frá árinu 2011 sem varðaði 250 m.kr. viðbótarfjárframlag ríkisins til eflingar tónlistarnáms, en framlagið var síðan aukið tímabundið árið 2012, í 290 m.kr. Samkomulagið leið



Tónlistarkennsla Margir skólur eiga í fjárhagsvanda.

svo formlega undir lok árið 2014.

Reykjavíkurborg hefur ekki lagt fé til tónlistarkennslu á framhaldsstigi til móts við ríkið allt frá árinu 2011, en forsenda viðbótarframlagsins var mótframlag sveitarfélaganna.

## Fjárukinn jafngildi ekki ábyrgð ríkisins

Síðastliðið vor hófust viðræður meðal Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar og tónlistarskólanna í Reykjavík vegna bágrar fjárhagsstöðu skólanna, en fyrr á árinu höfðu sveitarfélögin fengið í sinn hlut 30 m.kr. vegna sérlega bláa ástands tónlistarskóla í höfuðborginni.

Í bréfi Illuga segir að

fulltrúar sambandsins og borgarinnar hafi, án beinnar aðkomu ráðuneytisins, gert samkomulag um 60 m.kr. viðbótarfjárframlag sem greitt yrði með fjárukalögum 2015 enda hefði ríkið með því að bæta við framlag sitt árið 2012, viðurkennt ábyrgð sína á rekstri tónlistarskólanna.

## Borgin axli ábyrgð

Illugi gerir í bréfinu athugasemd við framangreinda túlkun, en hann telur að hvorki samkomulagið frá árinu 2011 né viðbótarfjárfélagið þingsins í vor jafngildi því að ríkið taki ábyrgð á rekstrinum og beri þannig að standa undir skólunum.

Illugi segir lögin skýr um þessi efni, sveitarfélögin beri ábyrgð á rekstrinum.

„Þó að það sé gerður samningur um að ríkið bæti við fjármagni, þá gildir slíkur samningur ekki umfram lög- in. Lögin eru alveg skýr hvað verkaskiptinguna varðar. Vonbrigðin í málinu eru þau að Reykjavíkurborg túlki þetta svona, sem gengur þvert á þá túlkun sem m.a. Katrín Jakobsdóttir hafði í málinu, en hún gerði samkomulagið upphaflega,“ segir Illugi í samtali við Morgunblaðið.



**Brynjólfur**  
brynjolfur@fr.is



**Sýlvía**  
Löggiltur fasteignasali  
sylvia@fr.is


**Vilt þú vita hvers virði eignin þín er í dag?**  
Pantaðu frítt söluverðmat án skuldbindinga!

**HRINGDU NÚNA 820 8080**



**FASTEIGNASALA REYKJAVÍKUR**

**Landfylling á Akranesi vegna áforma HB Granda**



Byggingar í dag  
Nýjar byggingar

Landfyllingarsvæði  
60 til 70.000m<sup>2</sup>

Brimvarnargarður

Grunnkort/Löftmyndir ehf.  
Heimild: Vegagerðin/Faxafloahafnir

Við höfnina á Akranesi Kortíð sýnir hugmyndir um landfyllingu við hafnasvæðið á Akranesi og komu fram fyrir ári. Gulu reitirnir sýna hús sem HB Grandi á, en bláu reitirnir hugsanlegar byggingar. Svæðið sem nú hefur verið keypt er vinstra megin á myndinni, en HB Grandi og Akraneskaupstaður eiga nú nánast allan skikann vinstra megin á kortinu og þar er m.a. starfsemi Norðanfisks, dótturfyrirtækis HB Granda.

# HB Grandi kaupir lóðir á Akranesi

HB Grandi hefur fest kaup á 16 lóðum og lóðahlutum á Akranesi, alls um 3,1 hektara. Fyrir ári kynnti HB Grandi hugmyndir um landfyllingu á Akranesi, stækkun athafnasvæðis og byggingu mannvirkja þar fyrir fiskvinnslu og útgæðarstarfsemi sína og dótturfélaga. Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, segir að þrátt fyrir þessi kaup núna liggi engar ákvarðanir fyrir, enn þá sé málið á hugmyndastigi.

HB Grandi keypti 13 lóðir og lóðahluta af Björgunarfélagi Akraness og Slysavarnadeildinni Líf, alls um 2,5 hektarar. Félagið hefur þegar fengið lóðirnar afhentar. Fyrirtækið festi einnig kaup á húseignunum að Vesturgötu 1, 2 og 4 ásamt

um 0,6 hektara lóðum af Eignarhaldsfélagi PPP ehf. Afhending verður um áramótin. Félagið leigði eina lóðanna og eitt þriggja húsanna en lóðirnar liggja að athafnasvæði félagsins á Akranesi. Heildarkaupverð er 135 milljónir króna.

Vilhjálmur segir að umræddar lóðir hafi verið til sölu í meira en ár og eigendur þeirra hafi víðað kaup á lóðunum við HB Granda öðru hvoru. Það hafi ekki verið áhugi í björgunarfélaginu á að eiga þessar lóðir og PPP hafi flutt starfsemi sína annað í bænum. Það hafi ekki verið sérstakt áhugamál HB Granda að kaupa þessar lóðir, en sú hafi orðið niðurstaðan. [ajj@mbl.is](mailto:ajj@mbl.is)